

Vöflukaffi í Kjós – Stefnumót við landslag

Öllum Kjósverjum, íbúum og öðrum sem dvelja í Kjósinni, er boðið í vöflukaffi laugardaginn 10. mars kl. 16.00-18.00 í Ásgarði.

Stefnumótið er hluti af verkefninu Landslag og þátttaka, sem er styrkt af Skipulagsstofnun og unnið samhliða aðalskipulagsvinnu Kjósarhrepps. Markmið verkefnisins er að varpa ljósi á gildi og gæði landslags og þróa leiðir til þess að auka þátttöku almennings í því að móta þessi gildi og gæði til framtíðar. Að verkefninu standa Birna Lárusdóttir fornléiffræðingur, Edda R.H. Waage landfræðingur, Guðbjörg Rannveig Jóhannesdóttir heimspekingur, Gunnfús Ýr Finnbogadóttir myndlistarmaður, Helgá Ögmundardóttir mannfræðingur og Tinna Gunnarsdóttir vöruhönnuður.

Aðgöngumiði á viðburðinn er a.m.k. ein ljósmynd sem tekin er í Kjósinni. Við biðjum þátttakendur að koma með myndir sem eru lýsandi fyrir Kjósina, t.d. myndir af stöðum:

- sem þú vilt sýna öðrum,
- sem þér finnst merkilegir/mikilvægir,
- sem þú hefur áhyggjur af,
- sem þú hittir fólk á

Ætlunin er að skoða myndirnar saman og ræða um þær í þeim tilgangi að varpa ljósi á gildi og gæði landslags í Kjósinni. Auk þess munum við gera fleiri æfingar sem eru til þess fallnar að kveikja umræðu um gildi, gæði og framtíðarþróun landslagsins. Vinsamlegast komið með myndirnar útprentaðar eða sendið þær a.m.k. degi fyrir í tölvupósti á rafrænu formi á landslag@lhi.is og við munum sjá um að prenta þær út.

Á síðasta ári var Kjósverjum boðið til þátttöku í verkefninu með því að deila upplifun sinni af Kjósinni í gegnum viðtöl og á kvöldverðarfundum sem haldinn var í nóvember síðastliðnum. Verkefninu hefur verið tekið mjög vel og nú þegar hafa um 50 manns tekið þátt með einhverjum hætti.

Landslag er orð sem vísar í senn til þeirra náttúrulegu og manngerðu þátta sem móta landsvæði og til upplifunar okkar og skynjunar á því hvernig þessir þættir virka á okkur sem heild og hvaða áhrif þeir hafa á okkur og lífsgæði okkar. Sífellt meiri áhersla er lögð á þau gildi sem landslag hefur og þau gæði sem það getur skapað okkur. Aukin þátttaka fólks sem hefur þekkingu á sínu landsvæði skiptir höfuðmáli og getur haft jákvæð áhrif á mótun framtíðarsýnar fyrir sveitarfélög. Markmið verkefnisins Landslag og þátttaka er að finna þessari þátttöku opinn farveg. Verkefnið í Kjósinni er tilraunaverkefni sem skapar grundvöll til þess að halda áfram að þróa þennan farveg á fleiri svæðum í framhaldinu.

Allir unnendur Kjósarinnar eru hjartanlega velkomnir.